

## Jarðhitinn á Grímsfjalli

Magnús Tumi Guðmundsson

*Raunvísindastofnun Háskólans, Náttúrufræðahúsi, Sturlugötu 7, 107 Reykjavík; mtg@raunvis.hi.is*

Undanfarin ár hafa orðið töluverðar breytingar á jarðhita á austanverðu Grímsfjalli í Vatnajökli, nærri skálum Jökларannsóknafélagsins á Eystri Svíahnúk. Um miðjan síðasta áratug var greinilegt að hiti fór vaxandi í ketilsigunum suðvestan við Saltarann. Þá lagðist af ökuleið úr vestri norðan siganna, meðfram Saltaranum að skálum JÖRFÍ. Hún þótti ekki lengur örugg. Í staðin var farið að aka sunnan siganna og þaðan í norður, upp milli Saltarans og Eystri Svíahnúks. Eftir gosið í Grímsvötnum í desember 1998 varð stórfelld aukning í jarðhita í austanverðri norðurhlíð Grímsfjalls. Þá mynduðust stórir sigkatlar upp við fjallið í Grímsvatnaskarði. Svo stórfelldar voru breytingarnar að þar sem áður var yfir 200 m þykkur ís myndaðist mörg hundruð metra víður sigketill með vatni í botni og skín í beran klettinn rétt ofan vatnsborðs (1. mynd). Uppi á Grímsfjalli eru breytingarnar ekki eins miklar en eigi að síður hefur jökullinn vestan við Saltarann lækkað um allmarga metra á nokkrum árum. Þar er nú langur fjallshryggur kominn upp úr jöklinum og umhverfis hann eru sigdældir og göt í jökulinn. Jöklamenn urðu einnig varir við að gufubað Grímsvatnahrepps á Eystri Svíahnúk, Sverrisvíti, hitnaði mjög árið eftir gosið.

Þann 27. október 2002 var gott skyggni yfir Vatnajökli. Samkvæmt upplýsingum frá Trausta Jónssyni á Veðurstofunni var hægur andvari af norðri eða norðvestri og líklega um 15 stiga frost, sem eru kjöraðstæður fyrir gufubólstra. Á 2. mynd, sem tekin er úr flugvél yfir Vestari Svíahnúk, er horft í austur til Gríðahorns og Eystri Svíahnúks. Gufa stígur upp úr Fjallinu á mörgum stöðum. Sól er lágt á lofti enda komið fram undir kvöld þegar myndin er tekin. Sigin suðvestan Saltarans mynda línu til norðausturs og sést vel á myndinni að þau halda áfram norðan hans allt fram á brún Grímsfjalls. Handan Eystri Svíahnúks rís heilmikill gufubólstur upp úr austasta sigkatlinum í Grímsvatnaskarði. Ketillinn er tæpum kílómetra aust-


ar en sá sem sést á 1. mynd. Austasti sigketillinn er nú meira en hundrað metra djúpur með vatni í botni. Hann hefur myndast á undanförunum árum en allt fram til 1996 lá leiðin á Grímsfjall úr austri þar sem ketillinn er nú. Grímsvötn eru í skugga vinstra megin á myndinni. Skugginn af Grímsfjalli og gufubólstrunum teygir sig austur á jökulinn.



1. mynd. Flugmynd af sigkatli norðan í Grímsfjalli austanverðu 31. maí 2001. Ketillinn tók að myndast í kjölfar gossins í desember 1998. – *Ice cauldron formed following the 1998 eruption in Grímsvötn, 3 km east of the eruption site.* Ljósmynd/Photo. Magnús Tumi Guðmundsson.

### Summary

Geothermal activity has increased considerably over the last 6-8 years on the eastmost part of Grímsfjall, the southern rim of the Grímsvötn caldera. This has led to new geothermal cauldrons forming (Figure 1) and local lowering of the ice surface in places. Figure 2 shows geothermal steam rising from various parts of Grímsfjall on October 27, 2002. Steaming was unusually intense due to calm and cold weather. The huts of the Glaciological society are located on Eystri Svíahnúkur (Figure 2).



2. mynd. Horft til austurs yfir Grímsfjall úr flugvél 27. október 2002. – *Aerial view towards east over Grímsfjall.*  
Ljósmynd/Photo. Magnús Tumi Guðmundsson.